

## REGLUGERÐ

### um bann við togveiðum á Síðugrunni.

#### 1. gr.

Frá kl. 15.00 þann 26. apríl 1997 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |    |                         |    |                         |
|----|-------------------------|----|-------------------------|
| 1. | 63°21,00 N - 17°36,00 V | 3. | 63°19,00 N - 17°00,00 V |
| 2. | 63°26,80 N - 17°00,00 V | 4. | 63°15,00 N - 17°36,00 V |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1996, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. apríl 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

1. apríl 1997

Nr. 264

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir flugstöðvarsvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur utanríkisráðuneytið staðfest 25. mars 1997 deiliskipulag fyrir flugstöðvarsvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki varmálastofu utanríkisráðuneytis liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 1997.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*